

Auðveldur áróður.

Enginn áróður er auðveldari en sá, að telja mönnum trú um, að þeir hafi of lítið kaup, og að ekki sé hægt að lifa af launinum.

Vafalaust viljum við öll, að fólk fái betri lífskjör en nú, og sá er meginilgangur þeirra efnahagsaðgerða, sem núverandi ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir.

Undanfarna mánuði hafa stjórnarandstæðingar unnið þrotlaust að þeim áróðri, að landsmenn þurfi að fá að minnsta kosti 15—20% hærra kaup og það strax, þar sem lífskjörin hafi versn að um 15—20%, og jafnvel miklu meira.

Í þessum áróðri er því slegið föstu, að mánaðartekjur verkamanna séu 4000.—krónur, árslaun þeirra 48 þúsund krónur, og varðandi kjörin eru aðeins nefndar tölur, sem sýna verðhækkun á vörum, en vitandi vits er alltaf sleppt fjölskyldubótum, skattalækkun og hækkun ellilauna og annarra tryggingarbóta.

Meðaltekjur verkamanna 75 þús. kr. á ári.

Tekjur verkamanna almennt eru ekki 48 þús. kr. á ári, eins og Tíminn og Þjóðviljinn hafa haldið fram undanfarna mánuði. Sá útreikningur er fundinn með því, að taka eingöngu hið fasta dagvinnukaup og ekkert annað. Þá er sleppt eftirvinnukaupi og öðrum aukagreiðslum. Samkvæmt óbyggjandi gögnum voru meðaltekjur verkamanna í Reykjavík á síðasta ári 75 þúsund kr. Þar fyrir utan eru fjölskyldubætur, sem nema 7.800,—kr. á ári fyrir hjón með 3 börn undir 16 ára aldri, og tekjur annarra fjölskyldumeðlima.

Með þessum upplýsingum er því engan veginn haldið fram, að ekki sé æskilegt, að verkamannafjölskyldan fái hærri árslaun. Þvert á móti. Það hefur verið og er stefnt að því að bæta lífskjör verkamanna undir eins og efnahagur og atvinnuástand þjóðarinnar leyfir. En þessar staðreyndir hnekkja fyrst og fremst einni af þeim blekkingum, sem verið hafa undirstöðuatriði í kauphækkunar- og verðbólguáróðri stjórnarandstæðinga.

Lífskjör meðalfjölskyldu hafa ekki versnað um 15—20%.

Við gengisbreytinguna hlutu erlendar vörur að hækka í verði, og einnig iðnaðar- og landbúnaðarvörur að því leyti, sem erlent verð hefur áhrif á framleiðslukostnað þeirra. Verðlag á matvörum, hita, raf-

magni, fatnaði og þjónustu, þ. e. öllu því, sem felst í A-lið vísitölu framfærslukostnaðar, hefur hækkað um 17 af hundraði. Húsnæðiskostnaður, sem talinn er í B-lið vísitölunnar, hefur hækkað lítið. Til þess að

hefur minnkað. Það er helzt í byggingarvinnu, sem einhver breyting hefur orðið. Þegar lítið er á málið í heild má segja, að eftirvinnan sé í meginatriðum jafnmikil og hún var fyrir gengisbreytingu.

byrði þeirra, sem skulda. Vissulega er hún þung, og bitnar meðal annars á þeim mörgu mönnum, sem byggt hafa íbúðir yfir sig og skulda mikið í þeim. Hins vegar er alltaf sleppt þeirri hliðinni, sem hjartari er, að þeir, sem

voru stórhækkuð. — Al-gengasti ellilífeyrir í Reykjavík var áður 1327,—kr. á mánuði fyrir hjón, en hækkaði upp í 2.160 kr. þ. e. um 833 kr. eða nær 63%. Ellilífeyrir einstaklinga var fyrir gengisbreytingu 830 kr. á mánuði, hækkaði um 370 kr. upp í 1200 kr. eða um nær 45 af hundraði. Á sama tíma hafa daggjöld á ellilífeyrilínu „Grund“ hækkað til jafnaðar um 20%.

Önnur stórvægileg breyting hefur einnig verið gerð til hagsbóta fyrir gamla fólkið. Ellilaunin voru áður lækkuð, ef gamla fólkið vann sér inn tekjur yfir tiltekið mark. Þetta ósanngjarna skerðingarákvæði hefur nú verið numið úr lögum, og gamla fólkið heldur, auk ellilaunanna, öllu því, sem það vinnur sér inn.

Kjör þeirra, sem komnir eru á lífeyrisaldur, hafa því ekki versnað, heldur batnað.

eftir Gunnar Thoroddsen fjármálaráðherra.

vega upp á móti verðhækkun á vörum, komu fjölskyldubætur, 2.600 kr. fyrir hvert barn, afnám tekjuskatts af almennum launatekjum og um 20% lækkun á útsvörum. Þessi atriði eru talin í C-lið vísitölunnar. Til þess að sýna breytingar á lífskjörum fólksins og gefa rétta mynd af þeim verður auðvitað að taka öll þessi atriði með, og á þeim öllum saman byggist vísitala framfærslukostnaðar. Hún sýnir í dag 104 stig, með öðrum orðum: Hjá meðalfjölskyldu hefur orðið kjararýrningur, sem svarar fjórum af hundraði, síðan gengisbreytingin varð.

Höfuðblekking stjórnarandstæðinga um 15—20% kjaraskerðingu felst í því, að þeir taka út úr og nefna aðeins einn part vísitölunnar, einn lið úr lífskjörum fólksins, sjálft vöruverðið, en sleppa því, sem gert hefur verið til þess að vega upp á móti hækkun þess. Þessi áróður hefur kannske gengið betur vegna þess, að daglega verða menn varir við vöruverðið, en fjölskyldubætur, útsvars- og skattalækkunir koma í færri en stærri skömmtum.

Eftirvinna er að mestu óbreytt.

Þá er því haldið fram, að eftirvinna, sem verkamenn hafi almennt haft fyrir gengisbreytingu, hafi horfið að mestu, og þýði það mikla tekjurýrningur fyrir verkamenn. Þessi staðhæfing er röng. Í flestum greinum atvinnulífsins er eftirvinna óbreytt frá því sem var fyrir gengisbreytingu. Hjá tveim stærstu atvinnurekendum í Reykjavík, þ. e. Reykjavíkurbæ og Eimskipafélagi Íslands, er eftirvinna verkamanna sú sama og áður. Sömu sögu er að segja hjá öðrum starfsgreinum; það er undantekning, ef eftirvinna

Vaxtahækkunin.

Eitt áróðursmálið er hækkun vaxtanna. Þá er alltaf máluð mynd af annarri hliðinni, en ekki hinn. Það er talað um hina miklu vaxta-

eiga sparifé, hafa fengið verulegar uppbætur með hærri vöxtum, og sem betur fer eru margir verkamenn og aðrir launþegar í þeim hópi.

Gamla fólkið fékk miklar kjarabætur.

Ellilaun gamla fólksins

Íslenzk iðn í Þýzkalandi.

Viðtal við Hjalta Geir Kristjánsson.

Í vikunni sem leið var 13. þýzka handiðnaðarsýningin haldin í München, og voru Íslendingar meðal þeirra þjóða, sem þátt tóku í sýningunni.


Erhard fjármálaráðherra Vestur-Þýskalands setti sýninguna við hátíðlegt tækifæri morguninn 4. þ. m. Flutti hann þar klukkustundar, blaðalausa ræðu af skörungsskap miklum.

Að þessu sinni taka 2473 aðilar frá 36 löndum þátt í sýningunni, en megináherzla er lögð á list-handiðnað. 8 lönd sýna nú þar varning sinn, sem ekki hafa áður gert það. Í ávarpi sínu minntist ráðherarnn mest á efnahagsþróun Vestur-Þýskalands, og gat hann þess, að hækkun gengis marksins hafi aðeins getið af sér jákvæðar

afleiðingar. Verð innfluttra vara hefir lækkað frá 3.3%—7.%, og þrátt fyrir hækkun verðs þýzks varnings á heimsmarkaðnum, hefir það ekki haft neinn samdrátt í för með sér í framleiðslunni, og markaðshorfur eru sem fyrr mjög miklar. En aftur á móti hefir þetta verkað róandi á framleiðsluspennuna innanlands, en haft ofurlitla óánægju í för með sér, en það telur ráðherrann góðs viti, því þá fer að marka fyrir nýrri „pólitík“ í efnahags- og félagsmálum.

Sýningarsvæðið er geysistórt og víðfeðmt. Allt svæðið er um 50 þús. ferm. og eru það 23 sýningarhallir og salir. Í einni af þessum höllum er deild Íslands niður komin. Er hún fremur fábrotin, en aðeins fallegir og nýtizulegir munir eru þar til sýnis. Stingur deildin mjög í stúf við þær deildir, sem umhverfis eru, en þær eru mjög fornfálegar og minna mann á fornsölur eða bazara. Frétta- maður hitti þar fyrir Hjalta G. Framh. á 11. síðu.

Hér sést Hjalta Geir Kristjánsson, húsgagnaarkitekt, ásamt Suraja Haimdi frá Pakistan, og eru þau að skoða leirmuni frá Glit h.f., sem voru á sýningunni í München.



ÍSLENZK IDN —

Framh. af 9. síðu.

Kristjánsson, en hann hefir séð um uppsetningu íslenzku deildarinnar.

— Hver stendur fyrir sýningunni, Hjalti?

— Íslenska vörusýningarnefndin hafði milligöngu að þátttöku Íslands, en fól síðan Félagi húsgagnaarkitekta að sjá um framkvæmd þátttöku svo og skipulagningu alla.

— Hver hefir séð um kostnaðinn?

— Vörusýningarnefnd sá um greiðslu gólfplatlarleigu, en hin einstöku sýnendur báru annan kostnað.

— Hvað er sýningarsvæði deildarinnar stórt?

— Gólfplötur er 42 ferm.

— Eg sé, að deildin vekur töluverða athygli. Hvaða hlutir hafa vakið mesta athygli það sem af er sýningunni?

— Værðarvöðir frá Álafossi og gærur frá Íðunni, Akureyri, hafa notið mikilla vinsælda. Svo má einnig segja það, að mikill áhugi hafi verið fyrir húsgögnunum yfirleitt, og hafa margir kaupsýslumenn óskað eftir að komast í samband við hina ýmsu framleiðendur þeirra.

— Hvaða framleiðendur sýna hér húsgögn?

— Friðrik Þorsteinsson, Ásgrímur P. Lúðvíksson, trésmiðjan Viðir, Jón Sólmundsson og Jón og Guðmundur Benediktssynir.

— Þykir verðið samkeppnishæft?

— Þeir aðilar, er sýnt hafa verulegan áhuga á þeim húsgögnum, sem sýnd eru, óska eftir kaupum á sýnishornum ásamt tilboði í stærra magn, sem þá oftast er töluvert mikil. Tilgangurinn hjá þeim með kaupum á sýnishornum er að rannsaka sölumöguleika á þeim gerðum eftir sýnishornunum með hliðsjón af verði þeirra. Verði árangurinn af slíkri markaðsleið, fyrir milligöngu þýzkra innflytjenda, raunhæfur, þá fyrst opnast leið til útflutnings á ísl. húsgögnum, þar sem þau þykja sérstæð. Þýzkir innflytjendur virðast hafa þennan háttinn á til þess að kanna það magn, sem þeir óska eftir að gera pöntun á, en framboð á húsgögnum frá Norðurlöndum er geysimikil, en innkaupendur húsgagna í Þýzkalandi virðast ekki reiðubúnir að gera bindandi kaupsamning fyrir en slík markaðskönnun hefir farið fram. Von okkar hlýtur að liggja í því, að raunhæfur markaður skapist, meðal annars hér í Þýzkalandi fyrir ísl. húsgögn.

— Eins og þú sagðir áðan, hafa gærurnar og værdarvöðirnar vakið mikla athygli. Hvað heldur þú um sölumöguleika í þeim?

— Eftir þeim undirtektum, sem þær hafa fengið hjá stór um hópi sýningargesta, þá virðast hvorki gæði né verð standa í vegi fyrir mikilli sölu á þessum vörutegundum hingað til Þýzkalands. Það má segja, að heppilegt var, að þær værdarvöðir, sem sýndar eru, eru úr hreinni ull og ólitaðar, sem hefir mátt sanna með því að sýna litinn á gærnunum.

— Hvað viltu segja um aðra muni?

— Glit h.f. sýnir keramik, Kjartan Á. Kjartansson serviettuhringi, Sigrún Gunnlaugsdóttir sýnir hálsfestar úr smelti, Gefjun húsgagnaáklæði og Ásgerður Ester Búadóttir sýnir handofin veggteppi. Það er óhætt að segja, að fólk hefir sýnt munum þessum öllum verðskuldaða athygli, en á þessari sýningu er þvílíkt framboð á munum sem þessum, að erfitt er að átta sig á raunverulegri eftirspurn þeirra.

— Hvað viltu segja um þátttöku Íslands í handiðnaðarsýningum yfirleitt?

— Miðað við að iðnaður á Íslandi sé á uppleið, þá er sjálf-sagt fyrir Íslendinga að taka þátt í sem flestum slíkum sýningum og er á margan hátt hinn raunhæfasti þáttur til að skapa traust og alit á íslenzkum iðnvarningi. Þetta er því aðeins hugsanlegt með því að einstaklingar og hið opinbera taki höndum saman til að gera slíka þátttöku kleifa, því kostnaður við það er mjög mikill. Miðað við fjarlægðir og mannfjölda er þátttökukostnaður Íslendinga hlutfallslega hærri en flestra annarra þjóða.

— Er nokkuð sérstakt, sem þú vilt taka fram?

— Eg held ekki. Þetta skiptir mestu máli.

J. B.

Síldin!

Framh. af 1. síðu.

eyrar í þeirri von að koma síldinni í bræðslu þar.

Síldar hefur orðið vart á austursvæðinu. Í skeyti sem Ægir sendi í morgun voru norsk skip að fá síld 40—50 sjómílur austur af Langanesi. Þá hefur Ægir fundið mikla átu í Eyjafjarðarál milli Grímseyjar og Kolbeinseyjar.

Búið er við að síldveiðiskipum fjölgi nú á miðunum því margir eru tilbúnir og hafa aðeins verið að bíða eftir síldarfregnum. Aðkomufólk er byrjað að koma til síldarvinnu á Siglufirði. Það er nú hið bezta veður og allir vinna af kappi við að undirbúa síldarmóttöku.



Fréttamenn virða fyrir sér sundurskotna bifreið Trujillo einræðisherra Dominíkanska lýðveldisins. Þetta er bifreiðin sem einræðisherrann ók í á leið sinni til Ciudad Trujillo, en þá var setið fyrir honum, og vélbyssukúlurnar rifu ótal göt, og bönuðu einræðisherranum. Það er eftirtektarvert, að þrátt fyrir allt skuli Trujillo hafa látið sér nægja að aka í venjulegum Chevrolet — en ekki t.d. Cadillac eða Rolls Royce.

Kassagerðin —

Framh. af 1. síðu.

frestað um einn dag. Hurfu verkfallsmnn á brott, en bílunum var ekið út á götuna, þar sem þeir stóðu í nótt undir lög-regluvernd.

Afstaða Dagsbrúnar í þessu máli er hin vítaverðasta. Hér er ekki um að ræða verkfallsbrot af hálfu Kassagerðarinnar, þar sem bifreiðastjórnir og aðrir, sem að flutningunum unnu eru allir meðlimir í Iðju, en ekki í Dagsbrún og hefur það jafnan verið hluti af störfum þeirra að annast þessa flutninga. Hefur Dagsbrún því ekki hinn minnsta rétt til þess að stöðva flutningana, sagði Páll S. Pálsson hrl. er blaðið átti tal við hann í morgun. Er þar beitt hinu mestu ólögum.

Afstaða Dagsbrúnar verður að teljast mjög ámalisverð, þar sem stöðvun á framleiðslu Kassagerðarinnar getur þýtt það, að ekki verði til umbúðir fyrir fisk frystihúsanna til útflutnings og sú framleiðsla verði því einnig að stöðvast.

★ Brendan Behan, írski leikritahöfundurinn, varð augafullur um mánaðamótin og olli hneyksli sem varalega, þegar slíkt ber við, sem er alltítt, og var settur inn, en var þó sleppt gegn 525 dollara tryggingu. — Eigandi knæpunnar, þar sem hann var handtekinn, leysti hann út.

FÉKK 600-700 MÁL SÍLDAR Í GÆR

Frá fréttaritara Vísir. Akureyri í morgun.

Fyrstu fregnir hafa nú borizt um síldveiði fyrir Norðurlandi og þær hafa aukið allmikil á hjartsýni almennings um, að síldveiði kunni að verða meiri og betri nú en undanfarin sumur.

Fyrsta Akureyrarskipið, sem fór á síld, Ólafur Magnússon, fékk í gær 600—700 mál síldar austur af Horni. Síldin er stór en mögur. Verður henni landað í dag á Akureyri og í Krossanesi og fer bæði í frystingu og bræðslu.

Akraborgin frá Akureyri fór út á síldveiðar í gær.

Krossnesverksmiðjan er tilbúin til síldarmóttöku og í gær barst henni á þriðja hundrað mál, bæði af hafsíld og millisíld, sem útgerð Kristjáns Jónssonar fékk á Akureyrarpólli. Er þetta síld, sem ekki reyndist haf til niðursuðu. Geta má þess ennfremur, að Krossnesverksmiðjan hefir af og til í vetur tekið bæði smásíld og fiskúrgang til vinnslu og hefir þar af leiðandi verið starfrækt í allan vetur að meira eða minna leyti.

Þá hefir fyrsta síldin borizt til Ólafsfjarðar. Var það Guðbjörg, sem kom þangað með rúmlega 100 tonnur í gærkvöldi, er veiðt höfðu 30 mílur út af Sporðagrunni og í Reykjafjarðarál. Þar höfðu fleiri skip fengið síld í gærkveldi og nótt. Talið var að síldin stæði djúpt. Hún er stór og mögur.

Síldin, sem Guðbjörg kom með, fór til frystingar. Segjast Ólafsfirðingar ekki muna að

síld hafi verið landað þar jafn snemma sumars áður. Er þetta 10 dögum fyrr en sl. sumar.

Átta skip verða gerð út á síld frá Ólafsfirði í sumar. Þau eru Guðbjörg, sem fyrr er nefnd, Stígandi, sem fór á veiðar í gær, en auk þeirra Einar Þveræringur, Gunnólfur, Sæþór, Ólafur bekkur, Þorleifur og Kristján. Þrjár söltunarstöðvar verða starfræktar á Ólafsfirði í sumar: Jökull, Stígandi og Auðbjörg.

Frá Hrísey var símað, að þar sé farið að undirbúa móttöku síldar af fullum krafti. Þar er ein söltunarstöð, svokölluð Nýja söltunarstöðin, sem að hálfu leyti er eign Guðmundar Jörundssonar, en að hinum helmingnum eign Kaupfélags Patreksfjarðar, Kaupfélags Talknfirðinga og auk þess nokkurra einstaklinga. Í fyrra voru saltaðar 3 þúsund tonnur í stöðinni.

Í sumar leggja 7 skip upp afla sinn í Hrísey, en þau eru að stærð 70—100 lestir.

S.Í.S. —

Framh. af 1. síðu.

enum, sem Sambandið gerir, mundi hvergi hafa lánstraust og líklegast verða tekið til gagnrærrar, opinberrar rannsóknar. En hér nýtur Sambandið þess að sjálfsögðu, að það hefir alltaf að minnsta kosti einn stjórnmálaflokk til þess að gæta hagsmuna sinna — gæta þess, að það geti starfað með þeim hætti, sem sýnt er hér að ofan.